



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Nóaborg

2021 – 2022



Ljósmynd: Guðmundur Örn Magnússon

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	5
3	Innra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	9
4	Ytra mat	20
5	Innra mat sérkennslu.....	21
6	Innra mat – fjöltyngd börn	23
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	25
8	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	26
9	Foreldrasamvinna	27
10	Skipulagsdagar.....	28
10.1	Fylgiskjal 1	29
10.2	Fylgiskjal 2	31
10.3	Fylgiskjal 3	33



1 Leiðarljós leikskólans

Leikum: Í leikskólanum er lögð höfuðáhersla á leik barnanna.

Lærum: Í gegnum leikinn læra börn best og því er mikilvægt að hann sé alltaf í forgrunni.

Njótum: Það að njóta þess sem verið er að gera skilar meiri árangri á alla vegu og gildir það bæði um börn og starfsfólk.

Leikskólinn vinnur skv. aðalnámskrá leikskóla en leggur sérstaka áherslu á stærðfræði, læsi og notkun upplýsingatækni.

Stærðfræði: Að örva formskynjun, rökhugsun, talna- og hugtakaskilning í gegnum leik.

Læsi: Að hafa ritmál sýnilegt í leikskólanum og bjóða börnunum upp á fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast læsi.

Upplýsingatækni: Að börn og starfsfólk kynnist fjölbreyttum möguleikum nútímatækni í leikskólastarfi með notkun tölva, spjaldtölva og annarra tækja sem tengjast upplýsingatækni.

Stærðfræði:

Markmiðið er að börnin kynnist algengustu formunum og læri að þekkja þau. Yngstu börnin vinna með fá og einföld form, lögð er mikil áhersla á að leika með hugtakaskilning og tölustafir frá 1-5 eru sýnilegir og kynntir fyrir börnunum. Eftir því sem börnin verða eldri fjölga formunum sem leikið er með auk þess sem leitað er leiða í gegnum leikinn til að vinna með talnaskilning barnanna. Notuð eru ýmis spil og leikir sem markvisst örva form-, talna- og hugtakaskilning barnanna. Dæmi um það eru teningaspil, minnisþil, bingó og ýmis samstæðuspil. Viðfangsefnin verða flóknari eftir því sem börnin eldast og má í því sambandi nefna að á yngstu deildinni þá börnin saman stór form á vegg á meðan börnin á þeirri elstu gera flóknar myndir úr lausum formum og fara í vettvangsferðir að taka ljósmyndir af formum í umhverfinu sem og skrá niður bók- og tölustafi sem á vegi þeirra verða.

Talnaskilningur örvast í daglegu starfi barnanna. Tölustafir eru hafðir aðgengilegir börnunum og eru víða hengdir upp. Á öllum deildunum fá börnin að leika sér með lausa tölustafi af ýmsum stærðum. Spiluð eru teningaspil af ýmsum gerðum og farið í talnaleiki. Yngstu börnin telja líkamshluta á meðan þau elstu eru í búðarleik með verðmerktar vörur, talnagrind og peninga.

Lögð er áhersla á yfir- og undirhugtök. Hugtökin eru kynnt hlutlægt fyrir börnunum á ýmsan hátt í gegnum leik áður en farið er að vinna með þau á huglægan hátt.

Mikið af heimatilbúnu efni er til í leikskólanum sem örvar stærðfræðilæsi barna á öllum deildum.



Læsi

Ritmálið er haft sýnilegt börnunum víða í leikskólanum. Leikefni er merkt með heiti og í hillunum er staðurinn fyrir leikefnið merktur þannig að hver hlutur rati alltaf á sinn stað aftur. Börnin æfa sig í að skrifa nafnið sitt og á eldri deildunum fá börnin gjarnan skriffæri til að nota í ýmsum hlutverkaleikjum. Boðið er upp á ýmis viðfangsefni þar sem unnið er með bók- og tölustafi. Í hópastarfi er m.a. unnið með ritmálið í gegnum vísur og ævintýri. Lubbi finnur málbein er kennsluefni sem eflir hljóðkerfisvitund barnanna. Höfundar efnisins eru Þóra Másdóttir doktor í talmeinafræði og Eyrún Ísfold Gísladóttir M.Ed í talmeinafræði. Unnið er með verkefnið á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og geta áhugasamir kynnt sér efnið nánar hér: <https://www.lubbi.is/index.php>

Upplýsingatækni

Sérstakt rými er í leikskólanum sem tileinkað er leik með upplýsingatækni. Þar leika börnin sér í forritun, nota spjaldtölvur í skapandi starf sem og læsis- og stærðfræðiviðfangsefni. Þar er einnig svokallað tæknisandbox en sérstakt forrit er notað og er myndavél beint að sandinum. Myndavélin virkar þannig að liturinn á sandinum breytist eftir því hvort verið er að grafa holur eða byggja hóla. Allar deildir hafa auk þess a.m.k. eina spjaldtölvu og á elstu deildinni eru tvær borðtölvur. Leikskólinn hefur í tvígang tekið þátt í stóru Nordplus verkefni um upplýsingatækni í leikskóla sem hefur skilað góðum árangri, skemmtilegri og fjölbreyttri vinnu.



Fyrst og fremst er unnið með leiðarljósin í gegnum leik barnanna. Við leikum okkur með stærðfræðina og ritmálið sem víðast í daglegu starfi leikskólans. Stærðfræðin er allt í kringum okkur og við finnum hana t.d. í gegnum fín- og grófhreyfingar, listsköpun, gönguferðir, matmálstíma, samverustundir, í fataklefanum o.m.fl. Stærðfræðileg hugsun byggir á virkri reynslu barnanna af rými, tölum og fjölda. Virkni og reynsla eru forsenda hugsunar. Með virkni sinni byggir barnið upp eigin hugmyndaheim, öðlast nýja reynslu og ýtir röngum hugmyndum til hliðar. Viðfangsefnin í leiknum þurfa því að ögra hugmyndaheimi barnsins og vera rétt ofan við getu þess. Því leggjum við áherslu á hlutbundna vinnu með viðfangsefni stærðfræðinnar og læsis. Öll börnin eru daglega í hópastarfi og/eða vali þar sem stærðfræði- læsistengd- og upplýsingatækniviðfangsefni eru í boði og markvisst

lögð inn á ýmsa vegu. Horft er til Menntastefnunnar í þessari vinnu og því unnið með örvun allra þroskapátta.

2 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasti vetur einkenndist mikið af Covid sem litaði allt starf talsvert. Nánast fyrirvaralaust og í nokkur skipti þurfti að hólfaskipta leikskólanum með nánast engum samgangi á milli hólfa. Það reyndi töluvert á alla en með góðu skipulagi gekk þetta áfallalaust fyrir sig. Það gerði það þó að verkum t.d. að nýtt starfsfólk var fast í öðru hólfinu og náði því ekki að kynnast samstarfsfélögum og öðrum börnum eins og venjan er. Mikið álag var á starfsfólki, sérstaklega þann tíma sem foreldrar máttu ekki koma inn í hús og taka þurfti á móti og skila börnunum í dyrunum. Það var því öllum létt þegar foreldrar fengu loks að koma inn í fataherbergið.



Alls konar viðburði þurfti að fella niður þar sem foreldrar og aðrir höfðu mjög takmarkaðan aðgang að leikskólanum og er það miður. Það var t.d. opið hús leikskólans, jólaball með foreldrum, afa- og ömmukaffi, foreldrar fengu ekki að taka þátt í Alþjóðavíkunni en þátttaka þeirra hefur alltaf verið mikil. Við náðum þó að halda okkar vinsælu Sjóráningjahátíð með stæl í þeim glugga sem myndaðist í júní og var mikil ánægja með það. Sjóráningjahátíðin er hugmynd frá foreldrum og hefur verið haldin í mörg ár, börnum, starfsfólki og foreldrum til mikillar ánægju. Foreldrafélagið heldur að mestu utan um skipulagið, sér um skreytingar í garði og í ár var börnunum boðið á hestbak í garðinum. Foreldri tekur að sér hlutverk sjóráningja sem fer með börnum um garðinn í fjársjóðsleit og endar á að gefa börnunum litla gjöf. Alls konar þrautir eru settar upp; börnin grafa eftir gulli í sandkassanum, gera jafnvægisæfingar þar sem hættulegir hákarlar bíða á hverju strái o.s.frv. Grillaðar eru pylsur og alltaf er gríðarlega góð mæting.

Öskudagsgleðin var einnig á sínum stað en börnin gera sína eigin búninga úr ljósum bolum eða skyrtum sem þau koma með að heiman en bolina mála þau með fatalit og skreyta í stíl við það sem þau ætla að vera þann daginn. Hugmyndin kemur upphaflega frá foreldrafélaginu og er orðin að góðri hefð í leikskólanum. Þá náðum við einnig að útskrifa elsta árganginn með góðri veislu en annað árið í röð fengum við aðstöðu í Safnaðarheimili Háteigskirkju og þökkum við kærlega fyrir það.

Búið var að gera áætlun um sérstaka áherslu á sköpun í tengslum við þróunarsjóð Menntastefnunnar en sú áætlun gekk ekki upp nema að hluta vegna Covid. Elstu börnin náðu þó að fara á sérlega vel heppnað námskeið í Myndlistarskóla Reykjavíkur og Anna Gréta Guðmundsdóttir, leikskólakennari og nýútskrifaður listkennari frá Listaháskóla Íslands hélt skemmtilegt námskeið um listsköpun barna. Ekki náðist að halda námskeið fyrir starfsmenn sem átti að halda á vegum Myndlistarskólans í Reykjavík. Auðveldar gekk á eldri deildum að vinna að sköpun þar sem Listasmiðjan var í því hólfi í hólaskiptingunni. Þegar þetta er skrifað hefur verið ráðinn inn starfsmaður með háskólamenntun í myndlist og mun hann m.a. fá það verkefni að vinna að sköpun með barnahópnum, sérstaklega á eldri deildum leikskólans auk þess að vera ráðgefandi til starfsmanna yngri deildanna í sambandi við listsköpun.

Fjarfundir einkenndu starfið og voru margir haldnir síðasta vetur. Starfsmannafundir, foreldrafundir, námskeið, fundir vegna sérkennslubarna o.m.fl. fóru allir fram á netinu og gekk það vonum framar. Þá prófuðum við í starfsmannahópnum fjölskyldubíngó á netinu og heppnaðist það gríðarlega vel og vakti mikla ánægju.

Veturinn 2021-2022

Nýverið lauk þróunarverkefni leikskólans um notkun upplýsingatækni í leikskólanum og hefur lokaskýrslu verið skilað. Markmiðið var að börn, starfsfólk og foreldrar myndu í auknum mæli tileinka sér fjölbreyttari tækni sem tengist leikskólastarfinu. Hluti verkefnisins er kominn til að vera áfram í leikskólanum en flestir starfsmenn hafa fengið eitt eða fleiri námskeið um notkun upplýsingatækni í leikskólastarfi. Aðstoðarleikskólastjóri leikskólans sem hélt utan um verkefnið hefur látið af störfum en við höldum ótrauð áfram. Fyrir utan að nýta okkur þessa frábæru tækni í daglegu starfi verða tveir dagar í skóladagatali komandi vetrar tileinkaðir upplýsingatækni þar sem um allan leikskólann verður leikið með tæknina á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Búið er að ráða inn starfsmann sem er með menntun og þekkingu sem að hluta



tengist ýmsu úr upplýsingatækni og við munum klárlega nýta okkur hans krafta og þekkingar á þessu sviði. Leikskólinn er nokkuð vel búinn tækjum og tólum sem nýtast í þessu starfi og eru t.d. skjávarpar á hverri deild sem eru mikið notaðir í ýmis skemmtileg verkefni, allt frá því að horfa á eldgosíð í beinni í það að skoða innri líffæri í gegnum bol sem börnin klæðast, bolurinn er svo skannaður og sýnir innri líffærin sem við vörpum svo á vegginn. Börnin skoða einnig myndir af sínum heimilum í gegnum Google Earth o.m.fl. Þá er hver deild með 1-2 iPada auk þess sem hver deild er með snjallsíma sem nýttur er fyrir myndatökur, viðveruskráningar, samskipta við foreldra o.s.frv. Þá er síminn öryggistæki í vettvangsferðum. Deildarstjórar eru með fartölvur og iPad fyrir sig og eru með vpn tengingu sem gerir þeim kleift að taka hluta af undirbúningi heimavið ef þarf.

Veturinn byrjar á hólfastskiptingu og takmörkuðu aðgengi annarra að leikskólanum en vonandi náum við eins góðum vetri og hægt er í þessu erfiða ástandi.

Við höldum áfram að gera læsi og ritmál enn sýnilegra í starfinu. Sjö starfsmenn leikskólans munu m.a. fara á námskeið hjá Menntafléttunni í vetur og tengjast námskeiðin læsi. Annars vegar er námskeið sem heitir Talaðu við mig-Gæðamálörvun í leikskóla sem fjórir starfsmenn sækja og hins vegar námskeið um málörvun í gegnum sögur og söng sem þrír starfsmenn sækja. Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ, HA og KÍ. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir Menntafléttuna. Rauður þráður Menntafléttunnar er að stuðla að þróun námssamfélaga. Námskeiðin fléttast saman við daglegt starf. Kjarni þeirra eru þróunarhringir þar sem þátttakendur fara í gegnum fjögur skref með samstarfsfólki. Við hlökkum mikið til að kynnast þessu nýja verkefni og vonum að í framtíðinni geti fleiri starfsmenn sótt fjölbreytt námskeið Menntafléttunnar.

Í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar munum við halda áfram að vinna með það þróunarverkefni sem átti að klárast í vor og tengdist sköpun. Eins og fyrr segir hefur verið ráðinn starfsmaður sem er myndlistarmaður og mun hann halda svölítið utan um listsköpun í leikskólans bæði í vinnu með börnum og til stuðnings starfsfólkinu.

Starfsmannahópurinn er með fjölbreyttan bakgrunn sem er jákvætt fyrir leikskólastarfið. Fjórir starfsmenn eru kennaramenntaðir, einn talmeinafræðingur, einn félags- og tómstundafræðingur og einn félagsráðgjafi en þessar stéttir teljast með uppeldismenntun. Einn leikskólaliði er í starfsmannahópunum og sex með aðra háskólamenntun. Aðrir ómissandi starfsmenn eru með starfsaldur frá einu ári upp í yfir 20 ár og býr þessi hópur yfir mikilli og mikilvægri reynslu og þekkingu.



Helsti áhersluþáttur leikskólans fyrir utan þá sem farið verður í skv. innra mati sem sagt er frá í næsta kafla er:

Markviss málörvun í gegnum hljóðanám íslensku málhljóðanna.

Að hverju er stefnt: Að halda áfram innleiðingu á Lubba námsefninu á öllum deildum leikskólans en sú vinna hefur verið í gangi undanfarin tvö ár.

„Hljóðasmiðja Lubba byggir að stórum hluta á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur (2008) um hljóðþróun ungra barna sem og á nýrri rannsókn um framburð 2 – 8 ára barna (Þóra Másdóttir, 2014). Í doktorsrannsókninni var málhljóða – tileinkun barna á aldrinum tveggja til þriggja ára skoðuð sem og frávík í framburði eldri leikskólabarna. Helstu niðurstöður bentu til kerfisbundins stíganda í hljóðþróun barna með hækkandi aldri. Ennfremur kom í ljós að þótt þróun málhljóða væri um margt svipuð í íslensku og öðrum skyldum tungumálum voru viss atriði sem teljast séríslensk (sjá nánar í handbók Hljóðasmiðjunnar). Höfundar rýndu í niðurstöður rannsóknarinnar og í bókinni Lubbi finnur málbein (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009) var málhljóðunum raðað að stórum hluta upp eftir tileinkunarröð, þ.e. í þeirri röð sem íslensk börn tileinka sér málhljóðin. Hljóðasmiðja Lubba byggir á sama grunni og er lögð sérstök áhersla á málhljóðin þótt bókstafirnir birtist sem fulltrúar þeirra, m.a. í þeim tilgangi að tengja saman hljóð og stafi í vinnu með lestur og ritun.“ (Tekið af lubbi.is) 10

Framkvæmd:

Margt starfsfólk leikskólans hefur fengið námskeið frá höfundi Lubba námsefnisins. Unnið með hvert málhljóð í viku í senn og verður vinnan og verkefni fjölbreyttari eftir því sem börnin eru eldri. Einn starfsmaður á hverri deild heldur utan um Lubbavinnuna með dyggri aðstoð talmeinafræðings leikskólans sem sér um að skipuleggja innleiðingu málhljóðanna í þeirri röð sem námsefnið krefst. Foreldrar fá upplýsingar vikulega varðandi hvaða hljóð er verið að vinna með þá vikuna og geta þá framhaldið þeirri vinnu heima en löggin sem sungin eru með hverju hljóði eru t.d. aðgengileg á youtube.com. Tras skimunartækið er notað fyrir börn þriggja ára og eldri. Þá er Hljóm2 lagt fyrir elsta árganginn og þessi tvö tæki geta mælt framfarir í ákveðnum þáttum sem tengjast þessu verkefni.



3 Innra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Ákveðið var að hafa gátlista Menntastefnunnar til hliðsjónar við mat á starfi vetrarins. Deildafundir voru nýttir í að fara yfir listann og kom allt starfsfólk deildanna að matinu. Ekki voru alveg allir þættir teknir fyrir en hver flokkur fyrir sig var skoðaður og merkt við þar sem það átti við. Yngstu tvær deildirnar, Sólbakki og Ólátagarður vinna mjög náið saman enda með ýmsa aðstöðu sameiginlega. Vegna Covid var samvinnan en meiri enda deildirnar í sama sóttvarnarhólfi í þeirri skiptingu. Saltkráka er með næstelsta barnahópin og svo eru elstu börnin á Skarkalagötu.

Kvarðinn virkar svona:

5 Að fullu komið til framkvæmda (4,1-5)

4 Að miklu leyti komið til framkvæmda (3,1-4)

3 Að hluta til komið til framkvæmda (2,1-3)

2 Að litlu leyti komið til framkvæmda (1,1-2)

1 Ekki komið til framkvæmda (0-1)

Teknir voru út nokkrir þættir sem skoruðu lægst og ákveðið var að vinna sérstaklega með næsta vetur og eru þeir ávarpaðir sérstaklega í þessu mati. 4 og 5 var algengasta niðurstaðan, 3 kom nokkrum sinnum fyrir, 2 örsjaldan og 1 kom einu sinni fyrir.

Sólbakki og Ólátagarður - tvær yngstu deildirnar

Sjálfsefning:

Það sem fær hæsta einkunn eða 4 og 5

- Börnum er hjálpað að finna styrkleika sína og vinna með þá
- Börn eru hvött til og þjálfist í að setja orð á tilfinningar sínar í daglegu starfi
- Börnin koma fram fyrir aðra og t.d. syngja, leika leikrit eða segja sögu
- Börn eru hvött til sjálfshjálpar
- Komið er til móts við áhugasvið barna
- Börn fá hlutverk sem efla þau t.d. barn vikunnar
- Viðhorf starfsfólks til barna er að þau séu sterk og getumikil og meðvitað er unnið með styrkleika barna
- Starfsfólk styður við börnin þegar þau takast á við nýjar áskoranir
- Starfsfólk er til staðar fyrir börnin



- Starfsfólk leggur áherslu á að ávinna sér traust barna
- Áhersla er á tilfinningalæsi
- Börnum er kennt að þekkja tilfinningar sínar
- Starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra
- Starfsfólk notar hvatningu og markvissa endurgjöf
- Hvert barn fær þann stuðning/aðstoð sem það þarf.

Það sem þarf að bæta og verður áhersluþáttur komandi vetrar:

Starfsfólk tileinkar a.m.k. 10 mínútur á dag hverju barni, t.d. Gefðu 10.

Starfsfólk Sólbakka og Ólátagarðs mun kynna sér betur efnið Gefðu 10 með það markmið að innleiða það í meira mæli á deildirnar. Þó ber að hafa í huga að á Ólátagarði var þetta nokkuð virkt.

Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir innleiðingunni og verður þessi þáttur sérstaklega metinn um áramót og að vori. Gefðu 10 snýst um samskipti „einn á einn“ og er hugsað til að efla málþroska, færni í íslensku og félagsþroska.

Læsi:

Það sem fær hæsta einkunn eða 4 og 5

- Bækur eru valdar eftir gæðum
- Daglega er lesið fyrir börnin
- Fjölbreyttar leiðir eru farnar í samverustundum
- Sögur og þulur eru markvisst nýttar til málörvunar
- Starfsfólk er meðvitað um að setja orð á athafnir í daglegu starfi
- Starfsfólk er meðvitað um að vera góðar málfyrirmyndir
- Starfsfólk vinnur markvisst að því að auka og efla orðaforða barna
- Starfsfólk hvetur til samræðna með fjölbreyttum aðferðum Ritmálsörvandi efniviður er aðgengilegur börnum
- Bækur eru aðgengilegar börnunum í notalegu umhverfi (rólegt rými í leikskólanum sem deildir skiptast á að nota auk þess sem bækur eru aðgengilegar á deildunum).



Það sem þarf að bæta og verður áherslupáttur komandi vetrar:

Notað er sjónrænt skipulag í umhverfi leikskólans.

Talsvert er merkt á deildunum. Húsgögn eru t.d. merkt heiti sínu eins og stóll, í glugganum stendur „gluggi“ o.s.frv. Bæta þarf við merkingar t.d. með því að merkja leikefni í hillum og hilluplássið, dagskipulag þarf að vera myndrænt fyrir þennan aldur barna. Þessir þættir læsis verða áherslupættir komandi vetrar og eru á ábyrgð deildarstjóra.

Sköpun:

Sköpun var áherslupáttur leikskólans síðasta vetur í tengslum við Menntastefnu borgarinnar og er fjallað um þann þátt annars staðar hér í áætluninni. Vegna takmarkaðs aðgengis þessa hóps barna að Listakrók



leikskólans vegna hólfunar sem og takmarkaðs aðgengis foreldra í leikskólann varð sköpun minna sýnileg og hafði minna vægi en oftast áður. Deildarstjórar bera ábyrgð á að þrátt fyrir hólfaskiptingu og minna aðgengi að Listakrók verði fundnar leiðir til að vinna meira að sköpun sem og gera hana sýnilegri foreldrum t.d. með því að hengja verk í glugga, taka ljósmyndir af þeim og senda foreldrum o.s.frv.

Heilbrigði:

Með niðurstöður 4 og 5:

- Virðing er fyrir margbreytileika mannlífsins
- Börnin fá hollan og næringargóðan mat
- Almennar hreinlætisvenjur eru viðhafðar
- Börnin fá fjölbreytta hreyfingu og íþróttir í skipulögðu starfi
- Útivera og hreyfing fer fram í fjölbreyttu umhverfi
- Starfsfólk er fyrirmyndir og tileinkar sér jákvæð samskipti og skapar gott andrúmsloft
- Starfsfólk notar samræmd vinnubrögð í samskiptum við börnin
- Starfsfólk eflir hvern einstakling til að sýna jákvæða og ábyrga hegðun, virða mörk annarra og fara eftir fyrirmælum
- Virðing og vinátta einkennir leikskólabrag

- Andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan barna er í fyrirrúmi
- Starfsfólk vinnur að jákvæðum samskiptum heimilis og leikskóla með vellíðan barns í huga.

Það sem þarf að bæta og verður áhersluþáttur komandi vetrar:

Börnin hafi gott aðgengi að vatni í leikskólanum

Börnin fá vatn þegar þau biðja um það en geta ekki sótt sér vatn þegar þau vilja. Plássleysi er mikið og áskorun að finna lausn á þessu svo vel verði. Hugmynd hefur verið uppi um að börnin komi með sína eigin vatnsbrúsa að heiman sem væru aðgengilegir en vegna Covid var ákvörðun frestað. Starfsfólk deildanna mun skoða heppilega úrfærslu á þessu máli á haustmánuðum.

Börnin hafi tækifæri/eru hvött til að hjálpa sér sjálf í matartíma

Vegna Covid sér starfsfólk alfarið um að skammta allan mat en börnin eru aðeins farin að skera matinn sinn sjálf. Vonir standa til að þessu verði hægt að breyta í vetur og börnin fái tækifæri til að frekari sjálfshjálpar í matartíma. Deildarstjórar bera ábyrgð á þessu.

Skipulag húsnæðisins ber þess merki að unnið sé að góðri hljóðvist

Hljóðvist í leikskólanum er því miður ekki góð og hefur athugasemdum verið komið áleiðis til fasteignastjóra sem og Skóla- og frístundasviðs. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að þessu máli verði fylgt áfram.

Félagsfærni:

Niðurstöður upp á 4 og 5:

- Frjáls leikur fær gott rými í dagskipulaginu
- Í leikskólanum eru góðar aðstæður/rými/svæði fyrir frjálsan leik
- Unnið er markvisst með samvinnu og samkennd með áherslu á margbreytileika
- Unnið er markvisst með hópefli í barnahópnum
- Markvisst unnið að því að efla gagnrýna hugsun



- Börnin eru hvött til að aðstoða og leiðbeina hvert öðru
- Starfsfólk sér til þess að öll börn hafi jafngild tækifæri í leik og starfi
- Börnin þjálfast í að tjá skoðanir sínar og að hlusta á skoðanir annarra og virða þær
- Börnum er kennt á eigin tilfinningar
- Börnum er kennt að hrósa hvert öðru á uppbyggilegan hátt
- Starfsfólk sér til þess að börnin fái tækifæri til að leysa úr ágreiningsmálum
- Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börnin að leysa úr ágreiningsmálum.

Það sem þarf að bæta og verður áherslupáttur komandi vetrar:

Starfsfólk er til staðar og leiðbeinir börnum í frjálsum leik þegar það á við

Þar sem hér er um yngsta hópinn í leikskólanum að ræða þarf að leggja meiri áherslu á t.d. að starfsfólk taki meiri þátt í leik barnanna leiðbeini þeim í leik. Þetta er á ábyrgð deildarstjóra sem metur þetta reglulega yfir veturinn.

Skarkalagata og Saltkráka (eldri tvær deildirnar)

Mikill samhljómur var í niðurstöðum deildanna tveggja, sérstaklega varðandi þá þætti sem skoruðu lægst. Því eru niðurstöður settar saman og sameiginlegir áherslupættir á deildunum í starfinu á komandi vetri.

Félagsfærni:

Það sem skoraði hæst:

- Frjáls leikur fær gott rými innan dagskipulagsins
- Unnið er með leikinn/leiki þar sem höfðað er til ábyrgðar og virkni allra barna
- Unnið er markvisst með samvinnu og samkennd barna með áherslu á margbreytileika
- Starfsfólk er til staðar og leiðbeinir börnum í frjálsum leik þegar það á við
- Reglur leikskólans eru skýrar og öll börn taka þátt í að móta þær, m.t.t. aldurs og þroska
- Öll börn fá tækifæri til að vera leiðtogar og stjórna t.d. samverustund, leikjum, hópastarfi
- Öll börn eru þjálfuð markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum og samræðum



- Verkefni sem miða að því að tengjast nærsamfélagi og nærumhverfi eru hluti af námi barna
- Markvisst er unnið að því að efla gagnrýna hugsun barna
- Börn eru hvött til að aðstoða og leiðbeina hvert öðru t.d. í fataklefa
- Starfsfólk sér til þess að öll börn hafi jafngild tækifæri í leik og starfi
- Börn eru hvött til að tjá sig í hópi
- Börn þjálfast í að tjá skoðanir sínar og að hlusta á skoðanir annarra og virða þær
- Börnum er kennt að hrósa hvert öðru á uppbyggjandi hátt
- Starfsfólk sér til þess að börn fá tækifæri til að leysa úr ágreiningsmálum
- Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa úr ágreiningsmálum

Það sem þarf að bæta og verður áherslupáttur komandi vetrar:

Börn hafa val um fjölbreytt viðfangsefni, efnivið, hreyfingu, vettvangsferðir og fleira eftir þeirra áhugasviðum

Fjölbreytt viðfangsefni og efniviður er til staðar á deildinni. Skápa- og hillueiningar deildarinnar og í húsinu öllu eru tæplega 35 ára gamlar og úr sér gengnar, með nánast sem gerir það að verkum að talsvert af leikefni er geymt í hæstu hillum eða inni í skápum. Það hindrar eðlilegt flæði efnisins til barnanna. Endurnýjun er loksins komin í ferli og verður vonandi sett upp á næstu mánuðum. Það mun gjörbreyta öllu aðgengi barnanna að því fjölbreytta leikefni sem deildin hefur upp á að bjóða. Við það tækifæri verður farið yfir allan efnivið, hann flokkaður og gerður aðgengilegri börnunum. Vettvangsferðir verða markvissari, með markmið t.d. í tengslum við læsi, stærðfræði og notkun upplýsingatækni. Nýr deildarstjóri á Skarkalagötu heldur utan um þetta ásamt leikskólastjóra.

Börn þekkja réttindi sín út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Leikskólinn vinnur að því að verða Réttindaskóli Unicef og halda tveir starfsmenn leikskólans utan um þá vinnu. Covid setti stórt strik í þessa vinnu síðasta vetur en þó var unnið með Barnasáttmálann með eldri tveimur deildunum í Alþjóðaviku leikskólans sem var í maí. Áfram verður unnið að því markmiði sem stefnt er að og bera þessir tveir starfsmenn ábyrgð á að verkefnið fái sitt pláss í skipulagi eldri barnanna næsta vetur.



Sjálfsefning:

Það sem skoraði hæst:

- Börn eru hvött til að segja sínar skoðanir og standa með þeim
- Börnum er hjálpað að finna styrkleika sína og vinna með þá
- Börn eru hvött til og þjálfist í að setja orð á tilfinningar sínar í daglegu starfi
- Börn koma fram fyrir aðra og t.d. syngja, leika leikrit eða segja sögu
- Börn eru hvött til sjálfshjálpar t.d. klæða sig, ganga frá eftir sig, fá hlutverk í daglegu starfi
- Börnum er treyst til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra
- Viðfangsefni barnanna eru krefjandi og taka mið af færni hvers barns
- Komið er til móts við áhugasvið barna
- Börn fá hlutverk sem efla þau t.d. barn vikunnar
- Viðhorf starfsfólks til barna er að þau séu sterk og getumikil og meðvitað er unnið með styrkleika barna
- Starfsfólk styður við börnin þegar þau takast á við nýjar áskoranir
- Starfsfólk leggur áherslu á að ávinna sér traust barna
- Áhersla er á tilfinningalæsi, börnum er kennt að þekkja tilfinningar sínar
- Starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra
- Starfsfólk notar hvatningu og markvissa endurgjöf
- Hvert barn fær þann stuðning/aðstoða sem það þarf

Það sem þarf að bæta og verður áhersluþáttur komandi vetrar:

Starfsfólk tileinkar a.m.k. 10 mínútur á dag hverju barni t.d. Gefðu 10 en það snýst um samskipti „einn á einn“ og er hugsað til að efla málþroska, færni í íslensku og félagsþroska.



Læsi:

- Það sem skoraði hæst hér:
- Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin í notalegu umhverfi
- Bækur eru valdar út frá gæðum, fjölbreytni, jafnrétti og menningu
- Tölur, stafir, tákn og myndir eru sýnilegar á veggjum deilda í hæð barnanna
- Notað er sjónrænt skipulag í umhverfi leikskólans t.d. dagskipulag, merkja hluti og efnivið
- Ritmálsörvandi efniviður er aðgengilegur börnum, t.d. skriffæri, litir, skæri, blöð, tímarit o.fl.
- Fjölbreyttar leiðir eru nýttar í sögustundum t.d. lesa sögur, teikna sögur, loðtöflusögur (erum líka með bókabíó en þá er sögum varpað af skjá á tjald og lesnar þannig), hljóðbækur o.fl.



- Unnið er með alla þætti bernskulæsis, hljóðkerfisvitund, orðaforða, frásagnarhæfni
- Nýttar eru leiðir til læsis með margvíslegri tækni
- Starfsfólk er meðvitað um að setja orð á athafnir í daglegu starfi, gæðamálörvun
- Starfsfólk er meðvitað um að vera góðar málfyrirmyndir
- Starfsfólk vinnur markvisst að því að efla og auðga orðaforða barna
- Starfsfólk hvetur til samræðna með fjölbreyttum aðferðum t.d. tal, tákn, myndir og hlutir.

Hér skoruðu nokkrir þættir frekar lágt og áhersla verður á eftirtalda þætti næsta vetur.

Börn eru hvött til að segja og semja sögur, ljóð og leikrit.

Starfsmaður hefur verið ráðinn sem er með sérmenntun í myndskreytingu á sögum sem og vinnu í iMovie. Hans þekking verður nýtt í þetta verkefni og munu börnin á elstu tveimur deildunum semja sögur og myndskreyta ásamt því að gera leikrit í iMovie. Það var hefð í um 20 ár að elstu börnin gerðu

sögur og myndskreyttu en það hefur því miður fallið niður en verður sannarlega tekið upp í vetur. Deildarstjóri Skarkalagötu og viðkomandi starfsmaður bera ábyrgð á þessu verkefni.

Börn eru hvött til ritunar í frjálsum leik s.s. kubbum og hlutverkaleik.

Börn hafa gott aðgengi að skriffærum og má nota það með bæði í kubba- og hlutverkaleikjum. Í kubbaleik má líka nota kubbana til að „skrifa“ stafi og orð og hefur það oft verið gert og hafa börnin haft mikla ánægju af því. Leikskólastjóri mun fara yfir þetta á fundi með starfsfólki með það að markmiði að lagfæra þetta.



Daglega er lesið fyrir börnin í litlum hópum eða einstaklingslega.

Lesið er nánast á hverjum degi fyrir barnahópin og á Saltkráku fékk þessi þáttur 5 en á Skarkalagötu 2. Daglega er lesið fyrir börnin en hóparnir á Skarkalagötu eru stærri og þarf að finna möguleikana í því að hafa fleiri og fámennari hópa. Rólegt rými er í leikskólanum sem deildir skiptast á að nota og þá er lesið fyrir fámennan hóp.

Sköpun

Eftirtaldir þættir fengu 4 og 5:

- Börn fá að nýta eigin sköpunarkraft og eigin hugmyndir í verkefnavinnu og frjálsum leik
- Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni
- Börnum er treyst til að framkvæma eigin hugmyndir og hafa áhrif
- Starfsfólk notar opnar spurningar í umræðum með börnum
- Fjölbreyttur og opinn efniviður er aðgengilegur/sýnilegur fyrir öll börn, s.s.

- | | |
|--|---|
| litir, blöð, kubbar, endurnýtanlegur | ▪ Börn taka þátt í að skipuleggja |
| efniviður, verkfæri, náttúrulegur efniviður | menningarviðburði og hátíðir í |
| ▪ Áhersla er á fjölbreyttar og ólíkar leiðir í | leikskólanum |
| sköpun (list- og verkgreinar) | ▪ Hvatt er til tilrauna með tækni |
| ▪ Verk barnanna eru sýnileg í leikskólanum | ▪ Tækni er nýtt til sköpunar, sögugerðar, |
| og hluti af menningu leikskólans | skráninga með hliðsjón af hæfni og |
| | þekkingu barna. |

Nokkrir þættir fengu skorið 2 og hér fyrir neðan verða teknir út þeir áhersluþættir sem farið verður í næsta vetur.

Áhersla er á skapandi ferli í námi og starfi með börnunum og í skipulaginu er gefinn nægur tími fyrir fjölbreytta sköpun.

Eins og kemur fram fyrr í þessari áætlun hefur þessi þáttur orðið undir í leikskólanum síðustu ár og þróunarverkefni síðasta vetrar kláraðist ekki vegna Covid. Ráðinn hefur verið myndlistarmaður til leikskólans og kemur hann til með að halda utan um skapandi starf með börnunum auk þess að miðla til starfsfólks. Deildarstjórar á Skarkalagötu bera ábyrgð á þessum þætti og skipuleggja sköpun inn í dagskipulag deildanna. Þetta verður metið um áramót og aftur að vori og eru þá allir þættir sem tengjast sköpun og eru taldir upp í gátlistanum undir.

Efniviður til tónlistar og leikrænnar tjáningar er til staðar s.s. hljóðfæri, búningar og leikmunir.

Efniviðurinn er til að miklu leyti en ekki nógu aðgengilegur og þarf að finna pláss og leiðir til að gefa þessum þætti meira vægi. Börnin hafa iðulega fengið tónlistarnámskeið og dansnámskeið á vorönn í leikskólanum og hefur fagfólk á því sviði sinnt þessu. Það hefur verið gríðarlega skemmtilegt en enn og aftur setur Covid strík í reikninginn hvað það varðar og síðustu tvær vorannir féllu þessi námskeið niður. Vonandi fer að rofa til svo hægt verði að endurvefja þessi frábæru námskeið.

Heilbrigði

Skor 4 og 5

- | | |
|--|--|
| ▪ Almenn umræða er um heilbrigði og hollustu í daglegum athöfnum, t.d. matartímum, samverustundum, hvíld, fataklefa, leik og útiveru | ▪ Námsumhverfi endurspeglar fjölbreytilegan barnahóp þar sem vellíðan barna er í fyrirrúmi |
| | ▪ Virðing er fyrir margbreytileika mannlífsins |



- Börnum er boðið upp á hollan og næringarríkan mat í leikskólanum
- Börn hafi tækifæri/eru hvött til að hjálpa sér sjálf í matartíma
- Börnin hafi gott aðgengi að vatni í leikskólanum
- Almennar hreinlætisvenjur eru viðhafðar s.s. handþvottur og andlitsþvottur
- Börn fái fjölbreytta hreyfingu og íþróttir í skipulögðu starfi og í frjálsum leik, úti og inni
- Útivera og hreyfing fer fram í fjölbreyttu umhverfi
- Starfsfólk er fyrirmyndir og tileinkar sér jákvæð samskipti og skapar gott andrúmsloft
- Starfsfólk notar samræmd vinnubrögð í samskiptum við börn
- Starfsfólk eflir hvern einstakling til að sýna jákvæða og ábyrga hegðun, virða mörk annarra og fara eftir fyrirmælum
- Virðing og vinátta einkennir leikskólabrag
- Andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan barna er í fyrirrúmi
- Starfsfólk vinnur að jákvæðum samskiptum heimilis og leikskóla með vellíðan barns í huga.

Eftirtaldir þættir verða áherslupættir næsta vetur:

Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist

Hljóðvist í leikskólanum er því miður ekki góð og hefur athugasemdum verið komið áleiðis til fasteignastjóra sem og Skóla- og frístundasviðs. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að þessu máli verði fylgt áfram.

Í umhverfi leikskólans eru skapaðar aðstaður þar sem börn fá næði til að einbeita sér og í skipulagi og umhverfi leikskólans er stuðlað að eins mikilli ró og hægt er

Deildir leikskólans skipta rólegu rými á milli sín yfir vikuna en þar er góð aðstaða til að vera með lítinn hóp barna þar sem þau lesa bækur, hlusta á sögur o.fl. Þetta er eina rými leikskólans þar sem hægt er að hafa góða ró. Á eldri deildunum hefur það verið þannig að helmingur barna fer yfirleitt út fyrir hádegi og helmingur eftir hádegi. Það gerir það að verkum að færri börn eru inni að leik og hafa meira rými fyrir sig. Mjög mikilvægt er að halda þessu áfram næsta vetur því þetta hefur góð áhrif bæði á börn og starfsfólk. Allar deildir hafa tvær heimastofur og svo alltaf þriðja rýmið fyrir börnin (upplýsingatæknirými, kubbarými, rólegt rými, lista/heimiliskrókur. Það þarf að passa upp á að nýta alltaf þriðja rýmið sem deildin hefur til að skapa meiri ró í barnahópnum. Deildarstjórar bera ábyrgð á þessu.



4 Ytra mat

Foreldrakönnun:

Skóla- og frístundasvið gerði könnun meðal foreldra á vorönn og var þátttaka almennt mjög góð í borginni. Mikil ánægja foreldra með leikskóla barns síns einkenndi niðurstöðurnar og eru það frábærar fréttir. Niðurstaða könnunarinnar fyrir Nóaborg varð mjög góð og í heild á góðri grænni staðsetningu kvarðans sem er hæsta skor. Við gleðjumst við yfir því en munum halda áfram þeirri vinnu að gera góðan leikskóla betri. Þegar könnunin var brotin niður eftir aldri barnanna varð niðurstaðan á gulu hjá foreldrum elstu barnanna sem að þessu sinni fylltu heila deild, svo fjölmennur var elsti árgangurinn. Þótt niðurstaðan sé okkur vonbrigði þá kemur hún ekki á óvart enda glímdu bæði börn og starfsfólk við margar þungar áskoranir síðasta vetur. Vanda Sigurgeirsdóttir sem er helsti sérfræðingur í eineltismálum aðstoðaði okkur með því að koma með ýmsar hugmyndir til að vinna með félagsfærni barnanna og einelti og leikskólakennari í hlutastarfi hélt utan um þá vinnu á deildinni. Árangur náðist fljótlega en þetta var mikil og flókin vinna vegna samsetningar barnahópsins. Stuðningur fékkst inn á deildina með vorinu í formi viðbótarstöðugildis sem breytti mjög miklu. Skipt var um deildarstjóra um áramótin og nýr deildarstjóri fékk mörg þung verkefni í fangið og leysti þau af mikilli fagmennsku með dyggri aðstoða starfsfólks deildarinnar. Félagsfærni er helsti áherslupáttur komandi vetrar í tengslum við mótun Menntastefnunnar og mun Vanda Sigurgeirsdóttir vera með námskeið fyrir starfsmannahópin um einelti og ýmislegt sem fylgir því. Þá munum við einnig fá fyrirlestur um jákvæð samskipti á vinnustað á næsta skólaári.

Starfsmannakönnun

Skóla- og frístundasvið gerði ánægjukönnun á meðal starfsmanna borgarinnar eins og oft áður. Þótt margir mikilvægir þættir könnunarinnar komi vel út eins og t.d. starfsandi, metnaður, jafnrétti á vinnustaðnum, starfsöryggi, stolt af starfinu, stuðningur frá vinnufélögum, hæfni starfsfólks metin, starfsfólk tilbúið til að leggja mikið á sig í vinnu, samvinna góð og ímynd vinnustaðarins sé góð þá er heildarniðurstaðan á gulu sem er varúðarmerki. Niðurstöðurnar valda miklum vonbrigðum en við leggjum ekki árar í bát og munum vinna með það næsta vetur að endurheimta græna litinn sem hefur einkennt Nóaborg alla tíð. Í leikskólanum vinnur þéttur og góður hópur starfsfólks sem mun taka höndum saman og vinna þetta verkefni í samvinnu með það að markmiði að næsta könnun skili mun betri niðurstöðu. Mannauðsráðgjafi frá Skóla- og frístundasviði kemur á starfsmannafund í byrjun september og fer ítarlega yfir niðurstöður könnunarinnar með starfsfólki og mun leiðbeina okkur í þeirri vinnu sem við þurfum að fara í til að lagfæra það sem þarf að lagfæra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á verkefninu en samvinna allra starfsmanna er mjög mikilvæg í verkefni sem þessu. Nóaborg hefur alla tíð talist sérlega góður vinnustaður enda sýna veigamiklir þættir könnunarinnar að svo er.



Ég hef fulla trú á að sá þétti hópur starfsmanna sem verður að störfum komandi vetur vinni að heilindum að verkefninu og þá er ég þess fullviss að það mun skila sér í næstu starfsmannakönnun.

5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar?

Stuðningstímar voru skipulagðir á fjölbreyttan hátt. Í vissum tilfellum var nauðsynlegt að stuðningur fylgdi einu barni. Í öðrum tilfellum var stuðningur nýttur á deildum til að styðja við börnin í leik, í málörvunarstundum eða stundum með öðrum áherslum, t.d. þjálfun fínhyrtinga, félagsþjálfun, við að styrkja sjálfstraust o.s.frv.

Mikil orka fór í hegðunarmótun og vinnu með barnahópinn í vetur, sérstaklega á tveimur eldri deildum leikskólans. Reynt var að skipta börnunum sem mest upp til að fækka árekstrum og unnið var nánar með ákveðna nemendur, bæði í hóp og einstaklingsaðstæðum. Í samverustundum, matartíma og hvíld þurfti að hafa stífan ramma og ákveðin börn þurftu manninn með sér ef vel átti að vera.

Nokkrir einstaklingar þurftu enn markvissari hegðunarmótun þar sem farið var nákvæmlega ofan í hverja stund, þar með talda skiptistundir, og þær skipulagðar með það í huga að fyrirbyggja sem mest neikvæða hegðun og laga aðstæður að þörfum þessara barna.

Ráðgjöf var veitt til foreldra bæði að frumkvæði leikskólans og að beiðni foreldra. Ýmsir komu að ráðgjöfinni, þ.á.m. sérkennslustjóri og hegðunarráðgjafi.

Talmeinafræðingur kom einnig að málum nokkurra barna og veitti ráðgjöf bæði fyrir foreldra og kennara.

Í Covid takmörkunum útbjó talmeinafræðingur námsefni sem foreldrar fengu aðgang að á netinu og gátu nýtt sér heima. Í samtölum við foreldra hefur komið í ljós að námsefnið skilaði góðum árangri.

Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?

Stuðningsaðilar skráðu hegðun og framfarir eftir hóp- og einstaklingsstundir eftir bestu getu.

Stuðningsaðilar skráðu skriflega en einnig með ljósmyndum og myndböndum.

Talmeinafræðingur skráði nótur.

Sérkennslustjóri skráði samtöl við foreldra, stuðningsaðila, talmeinafræðing og aðra ráðgjafa eftir þörfum.

Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.

Sérkennslustjóri lagði HLJÓM-2 fyrir skólabörnin. AEPS-listinn var notaður fyrir tvö börn. Ekki náðist að byrja á að fylla út TRAS fyrir ný börn en þeir voru nýttir fyrir nokkur eldri sérkennslubörn. Nokkrir foreldrar fylltu út í Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann og/eða Orðaskil.

Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?

Lubbaefnið var nýtt á deildum og í sérkennslu. Stuðningur nýtti efni eins og Ljáðu mér eyra, Leggðu við hlustir, Tölum saman, Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og margt fleira. Ýmis öpp voru notuð og má þar nefna öpp með ofantöldu efni, Bitsboard, Puppet Pals og fleira.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

Tækifæri til umbóta: Bæta skilning og færni starfsfólks til að takast á við neikvæða hegðun sem birtingarmynd vanlíðunar barna með áfallastreituröskun af völdum erfiðra heimlisaðstæðna.

Aðgerðir til umbóta: Samvinna ákveðinna deilda, stuðnings og sérkennslustjóra við hegðunarráðgjafa. Fyrirlestur um flókinn áfalla- og tengslavanda leikskólabarna. Kennari Vilborg Guðnadóttir geðhjúkrunar-/fjölskyldufræðingur og handleiðari.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri og leikskólastjóri – verður í október

Hvernig metið/aðferðir? Í samtölum við starfsfólk ákveðinna deilda um áhrif hegðunarmótunar á ákveðin börn og í samtölum við starfsfólk um gagnsemi fræðslunnar í starfi.

Viðmið um árangur Markviss vinna á deildum í að vinna með hegðun ákveðinna barna - Aukið sjálfstraust starfsfólks í að takast á við erfiða hegðun ákveðinna barna.



6 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?

Fjármagnið er aðallega nýtt í laun talmeinafræðings sem sinnir málörvun þeirra fjöltyngdu barna sem þurfa mest á þjálfun að halda, sinnir ráðgjöf um málörvun á deildum, ráðgjöf við foreldra og fleira.

Á yngri deildum vinnur talmeinafræðingur mest með því að spjalla, leika og spila einföld spil við börnin með áherslu á grunnorðaförða. Á eldri deildum fá börnin málörvunarstundir þar sem unnið er með dýpri orðaförða, málfræði, hlustun o.s.frv. auk þess sem þau börn sem á þurfa að halda fá aðstoð með framburð.

Er markviss vinna með daglegan orðaförða (grunnorðaförða)? Á hvaða hátt?

Myndræn stundaskrá, leiðbeinandi myndir, málörvun og hvatning kennara í öllum aðstæðum.

Talmeinafræðingur vinnur einnig markvisst með fjöltyngdum börnum að því að styrkja grunnorðaförða og dýpka orðaförða einstaklingslega og í minni hópum.

Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?

Við erum aðeins farin að nota gefðu 10 m.a. með fjöltyngdum börnum en munum nota það markvissar næsta vetur. Til að byrja með er gott að vinna með grunnorðaförða en eftir því sem barninu fer fram er auðvelt að dýpka orðaförðann í þessum samtölum.

Er markvisst verið að dýpka orðaförða barnanna? Á hvaða hátt?

Á öllum deildum eru A4 spjöld með myndum af orðum í hæð barnanna sem kennarar leggja áherslu á í 1-2 vikur í einu. Orðaförði með Lubba, virkur lestur, söngur, börnin skoða bækur með kennara og/eða öðrum börnum, Bitsboard vinna með orðflokka, fjölbreytt orðaförðaspil, samtöl, sett orð á athafnir, endurtekið leiðrétt, samtöl o.s.frv.



Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?

Farið er yfir orð í textum laga og orðin útskýrð. Myndir eru sýndar eða teiknaðar til útskýringar. Sama á við í lestri bóka. Notaðar eru loðtöflusögur, bókabíó (myndum úr bókunum varpað á tjald) o.fl. til að gera orðaforðann sýnilegri og efla þannig skilning barnanna.

Er fylgst með framförum fjöltýngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?

Kennarar taka stöðuna með samtölum reglulega. Talmeinafræðingur skráir hjá sér nótur og heldur þannig utan um framfarir.

Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?

Kennarar taka stöðuna með samtölum reglulega. Talmeinafræðingur skráir hjá sér nótur og heldur þannig utan um framfarir.

Almennt hefur ekki hefur tekist að nota ákveðin matstæki til að meta framfarir fjöltýngdra barna. Samtöl kennara, deildarstjóra, talmeinafræðings og sérkennslustjóra þar sem farið er yfir stöðu barnanna hafa verið skráð og áætlanir verið byggðar á þeim. Í sumum tilfellum eru tekin upp málsýni. Í elsta árgangi hefur fyrirlögn HLJÓM-2 gefið mjög góða mynd af stöðu einstaka barna í elsta árgangi. Sérkennslustjóri tekur upp fyrirlögnina og fær þannig margþættar upplýsingar um stöðu einstakra barna.

Talmeinafræðingur hefur í nokkrum tilfellum lagt fyrir Málhljóðapróf PM auk þess sem hann tekur stundum málsýni.

Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.

Á deildum er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna. Börnin fá tækifæri til að vaxa og styrkjast í notkun tungumálsins, styrkleikar þeirra og áhugamál fá pláss og þau fá tækifæri og aðstoð við að tjá sig og vera virkir þátttakendur í starfi deildanna. Öll börnin taka m.a. þátt í verkefninu Barn vikunnar þar sem þau fá t.d. meiri sérstöðu, fá viðbótar hlutverk á deildinni. Þau taka myndir í leikskólanum og heima og kynna fyrir hinum börnunum. Með þessum hætti ná þau að deila með félögunum sinni heimamenningu, jafnvel þó þau eigi erfitt með að tjá sig á íslensku.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2021-2022

Tækifæri til umbóta:

Nákvæmari markmið fyrir íslenskunám fjöltyngdra barna.

Aðgerðir til umbóta:

Nýta Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn.

Ábyrgð:

Deildarstjórar, talmeinafræðingur og sérkennslustjóri, stendur yfir allt skólaárið.

Hvernig metið/aðferðir?

Framfarir fjöltyngdra barna skoðaðar með viðmið Hæfniramma í huga.

Viðmið um árangur:

Kennarar hafa unnið samkvæmt hæfniramma og eru meðvitaðir um stöðu fjöltyngdra nemenda á sinni deild.

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri prófaði í fyrsta sinn að taka svokölluð snerpusamtöl á vormánuðum við starfsfólkið og gekk það mjög vel. Fyrirhugað er að taka a.m.k. tvö slík við hvern starfsmann á komandi vetri, eitt á haustönn og eitt á vorönn.

Þar sem mikið var um hólfun og ekki hægt að fá fræðslu inn á skipulagsdaga vegna Covid fór frekar lítið fyrir fræðslu síðasta skólaár. Þó náðum við að fá námskeið um sköpun auk þess sem flestir starfsmenn sóttu fræðslu hjá Mixtúru um notkun upplýsingatækni en sumir fóru í fleiri en eitt skipti.

Fyrirhuguð fræðsla 2021-2022

- Sjö starfsmenn leikskólans eru skráðir á tvenns konar námskeið hjá Menntafléttunni og tengjast námskeiðin læsi. Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ, HA, og KÍ og er styrkt af Mennta og menningarmálaráðuneytinu. Viðfangsefni námskeiðanna snerta fjölbreytt svið náms, kennslu, sjálfbærrar þróunar, vellíðunar, frístundastarfs og forystu. Rauður þráður er að stuðla að þróun námssamfélaga og kjarni þeirra eru þróunarhringir þar sem þátttakendur fara í gegnum fjögur skref með samstarfsfólki. Þetta er gríðarlega

spennandi og mikil tilhlökkun hjá starfsmönnum. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

- Skyndihjálparnámskeið verður fyrir alla starfsmenn á haustönn.
- Starfsfólk fær fyrirlestur/kynningu á áfallastreituröskun hjá börnum en Vilborg G. Guðnadóttir, geðhjúkrunar-/fjölskyldufræðingur og handleiðara mun koma á skipulagsdag í október.
- Vanda Sigurgeirsdóttir verður með fræðslu til starfsfólks um einelti og félagsfærni.
- Fyrirhugað er að fá inn fyrirlesara með erindi um jákvæð samskipti á vinnustað og á eftir að ganga frá því.
- Starfsmenn sem sinna sérstuðningi sækja námskeið og fyrirlestra sem tengjast þeim börnum sem þeir sinna.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Klambrar, Stakkaborg og Nóaborg hafa í mörg ár verið í samstarfi við Háteigsskóla og þá sérstaklega kennara og nemendur 1. bekkjar. Markmiðið er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og hittast elstu börnin í leikskólunum og 1. bekkur í Háteigsskóla talsvert yfir veturinn. Hópurinn hittist allur saman á Klambratúni að hausti og vori og svo eru gagnkvæmar heimsóknir á milli þeirra allan veturinn. Háteigsskóli býður börnunum að vera eina kennslustund með 1. bekk, þau fá að heimsækja íþróttahúsið, bókasafnið og er boðið á jólaskemmtun auk samveru á sal. Hver leikskóli heimsækir svo 1. bekk og 1. bekkur kemur í heimsókn í hvern leikskóla. Í gegnum þetta frábæra verkefni kynnast elstu börn leikskólanna þriggja hvert öðru og þekkjast því aðeins þegar þau svo hittast í 1. bekk í Háteigsskóla. Þá þekkja þau einnig börnin sem eru þá komin í 2. bekk. Börnin heimsækja einnig frístundaheimili Háteigsskóla og fá að kynnast húsinu og starfinu þar. Þetta samstarfsverkefni sem ber heitið Skilaboðaskjóðan byrjaði sem þróunarverkefni á sínum tíma og hlaut að því loknu Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs. Það er frábært að samstarfið hefur haldið áfram og þróast. Nákvæm tímasetning heimsóknanna er ekki tilbúin en hún er nokkurn veginn eins hvern vetur. Undanfarin 13 ár hefur einn starfsmaður Nóaborgar fylgt börnunum sem fara í Háteigsskóla og er með þeim fyrstu skóladagana. Mikil ánægja er með þetta verkefni hjá börnum, foreldrum og kennurum 1. bekkjar. Þetta verkefni gekk ekki upp nema að litlu leyti síðasta vetur vegna Covid en vonir standa til að það náist að vinna það að fullu næsta skólaár.



9 Foreldrasamvinna

Í Nóaborg leggjum við mjög mikla áherslu á gott foreldrasamstarf, að foreldrunum líði vel með leikskólann og finnist þau örugg með börnin hjá okkur. Stjórnendur eru alltaf til taks ef þarf og eru foreldrar hvattir til að hafa strax samband ef áhyggjur vakna. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu hafi þeir tíma og áhuga.

Þrír fulltrúar foreldra auk leikskólastjóra skipuðu foreldraráð leikskólans síðasta vetur en skv. lögum skulu að lágmarki þrír foreldrar auk leikskólastjóra sitja í ráðinu. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í foreldraráði gefa kost á sér til starfa og ef þörf þykir skal kosið á foreldrafundi á milli þeirra sem bjóða sig fram. Foreldraráðið skiptir hlutverkum á milli sín; formaður, ritari og meðstjórnandi. Hópurinn hittist nokkrum sinnum yfir veturinn til að ræða mál er snerta leikskólanum. Þá gefur foreldraráð umsögn um starfsáætlun og skólanámskrá en skólanámskráin er í vinnslu og verður vonandi kláruð á komandi vetri. Þá eru ýmsar breytingar á starfinu gerðar í samráði við foreldraráðið.

Nýjum foreldrum er boðið á fund í maí/júní þar sem starfið er kynnt og leikskólinn skoðaður. Þetta vorið var þessi kynning með fjarfundabúnaði og gekk mjög vel. Þá er haldinn foreldrafundur fyrir alla foreldra í september sem jafnframt er aðalfundur foreldrafélagsins. Á þessum fundi er kosið nýtt foreldraráð, ný stjórn foreldrafélagsins og vetrarstarf hvernar deildar er kynnt.

Foreldrum er boðið upp á stutt viðtöl að hausti, fljótlega eftir að barnið byrjar í leikskólanum eða flyst á milli deilda. Lengri viðtöl eru í febrúar/mars þar sem farið er yfir ýmsa þætti er varða börnin og veru þeirra í leikskólanum. Deildarstjórar bjóða svo upp á viðtalstíma eftir þörfum allan veturinn óski foreldrar eftir því. Þessir fundir fluttust yfir á netið síðasta skólaár vegna aðstæðna í samfélaginu og munu klárlega a.m.k. að einhverju leyti verða áfram með þeim hætti enda gekk fyrirkomulagið sérstaklega vel.

Foreldrafélagið Örkin hans Nóa er starfrækt við leikskólann og í stjórn félagsins eru a.m.k. 2-3 foreldrar af hverri deild. Allir áhugasamir foreldrar eru þó velkomnir að starfa með stjórninni. Stjórnin hefur formann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur. Starfsmaður er fulltrúi leikskólans í stjórninni sem hittist reglulega yfir veturinn. Foreldrar greiða 4.000 kr. tvisvar á ári í sérstakan sjóð og er sá peningur notaður í ýmsar upptækur á vegum foreldrafélagsins. Má þar helst nefna tónlistarnámskeið, dansnámskeið, ljósmyndatöku, sjóræningjahátíð, jólasveina og gjafir á jólaball, hluta í sveita- eða fjöruferð og hluta kostnaðar við útskriftarferð elstu barnanna.



10 Skipulagsdagar

Þrír skipulagsdagar eru á sama tíma og Háteigsskóli er með frídaga en leikskólinn þarf að hafa þrjá sameiginlega daga með Háteigsskóla. Leikskóladagatalið er einnig haft á ensku.

Skipulagsdagar skólaárið 2021-2022:

- 10. september
- 15. október
- 10. nóvember (sami dagur og hjá Háteigsskóla)
- 3. janúar (sami dagur og hjá Háteigsskóla)
- 7. febrúar (Leikskólaráðstefna)
- 3. júní (sami dagur og hjá Háteigsskóla)

Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal 2021-2022

Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2021-2022, enska

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Nóaborgar

Anna Margrét Ólafsdóttir
Leikskólastjóri

26.8.2021
Dagsetning



10.1 Fylgiskjal 1

Leikskóladagatal 2021-2022

September

- 10. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður
- 13. Formlegt vetrarstarf hefst á öllum deildum
- 16. Dagur íslenskrar náttúru – Tiltekt í nánasta umhverfi leikskólans
- 17. Útihreyfidagur – Þrautir og leikir í garðinum
- 21. Aðalfundur foreldrafélagsins, kosning í stjórn foreldrafélagsins, kosning í foreldraráð og kynning á vetrarstarfi.
- 24. Grænn dagur – Allir koma í einhverju með grænu í

Október

- 1. Hreyfidagur – Börnin komi með íþróttaföt
 - 8. Listasmiðjudagur - Settar verða upp listasmiðjur um leikskólann
 - 15. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður
 - 22. Dótadagur – Börnin koma með leikföng að heiman til að leika með í leikskólanum
 - 27. Náttfataball og bangsar í tilefni af Alþjóðlega bangsadeginum
- Deildarstjórar bjóða upp á stutt foreldraviðtöl sem verða auglýst þegar nær dregur**

Nóvember

- 5. Hreyfidagur- Börnin komi með íþróttaföt
- 10. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður (sami dagur og hjá Háteigsskóla)
- 12. Upplýsingatæknidagur – Leikið á fjölbreyttan hátt með upplýsingatæknina
- 12. Afa- og ömmukaffi (afar og ömmur eru velkomin í kaffi á milli kl. 15 og 16)
- 16. Dagur íslenskrar tungu – Unnið með þulur
- 19. Mælingadagur þar sem börnin mæla eitt og annað í leikskólanum

Desember

- 3. Rauður dagur – Allir koma í einhverju með rauðu í
- 6. Piparkökubakstur – Sólbakki
- 7. Piparkökubakstur – Ólátagarður
- 8. Piparkökubakstur – Saltkráka
- 9. Piparkökubakstur – Skarkalagata
- 12. Sólbakki og Ólátagarður skreyta piparkökur
- 13. Nóaborg 35 ára – Skemmtidagskrá í leikskólanum fyrir börn og starfsfólk
- 14. Saltkráka og Skarkalagata skreyta piparkökur
- 17. Jólamatur í hádeginu – Hangikjöt og meðlæti
- 17. Jólaball – Kannað verður hvort við fáum afnot af sal Háteigsskóla



Leikskóladagatal 2021-2022

Janúar

- 3. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður (sami dagur og hjá Háteigsskóla)
- 5. Skipulagt starf hefst að nýju eftir jólafrí
- 7. Hreyfidagur – Börnin komi með íþróttaföt
- 11. Vasaljósdagur – Börnin koma með vasaljós að heiman og leika með úti og inni á meðan myrkur er
- 14. Dótadagur – Börnin koma með leikföng að heiman til að leika með í leikskólanum
- 21. Þorri hefst – Þorablót í leikskólanum

Febrúar

- 4. Dagur stærðfræðinnar er fyrsti föstudagur febrúarmánaðar – Formadagur
- 7. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður (Leikskólaráðstefna)
- 11. Hreyfidagur – Börnin komi með íþróttaföt
- 18. Gulur dagur – Allir koma í einhverju með gulu í
- 28. Bolludagur

Mars

- 1. Sprengidagur
- 2. Öskudagur (búningaball í leikskólanum fyrir hádegi)
- 7. Foreldraviðtöl hefjast og mun deildarstjóri hversrar deildar auglýsa dagsetningar
- 11. Hreyfidagur – Börnin komi með íþróttaföt
- 18. Talningadagur – Börnin telja eitt og annað í leikskólanum

Apríl

- 1. Alþjóðdagur einhverfur er 2. apríl. Blár dagur er táknlitur einhverfunnar og af því tilefni er blár dagur – Allir koma í einhverju með bláu í
- 8. Hreyfidagur – Börnin komi með íþróttaföt
- 13. Foreldrum boðið í morgunmat frá kl. 8.15-9 (kakó/mjólk/kaffi og ristað brauð)
- 20. Listasmiðjudagur - Settar verða upp listasmiðjur um leikskólann
- 25. Umhverfisdagur – Tiltekt í nánasta umhverfi leikskólans
- 29. Upplýsingatæknidagur – Leikið á fjölbreyttan hátt með upplýsingatæknina

Maí

- 2. – 6. Alþjóðavika Nóaborgar
- 13. Röndóttur dagur – Allir koma í einhverju með röndum í
- ? Sveita/fjöruferð í samráði við foreldrafélagið
- ? Útskriftarferð elsta árgangs
- 20. Opíð hús í Nóaborg frá kl. 15 -16.30 – Sýning á vetrarstarfi
- 25. Formleg útskrift elsta árgangs barna í leikskólanum kl. 16

Júní

- 3. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður (sami dagur og hjá Háteigsskóla)
- 10. Útihreyfidagur – Leikir og þrautir í garðinum
- ? Sjóræningjahátíð í samráði við foreldrafélagið
- 24. Útidótadagur – Börnin koma með leikföng að heiman til að leika með í útiveru



10.2 Fylgiskjal 2

School calendar 2021-2022

September

10. Planning Day – the school is closed

13. Planned activities for the winter start formally

16. Day of the Icelandic nature – We will clean around the school

17. Sports Day outside

21. Parent meeting. The board of parents present themselves and a new board is elected.

24. Green Day - everyone wears something green or with green in it

October

1. Sports Day – the children bring sports clothes for indoor activity

8. Art Day – art workshops in all classes and children can visit one or more

15. Planning Day – the school is closed

22. Toy Day – the children can bring a toy from home to play with in school this day

27. Pajama party and teddy bears. The children wear pajamas and bring a teddy bear, but the international Teddy bear day is October 27th

Short meetings with the head of each class will be in October and you will know in advance

November

5. Sports Day – the children bring sports clothes for indoor activity

10. Planning Day – the school is closed (Háteigsskóli is also closed)

12. IT Day where we will play with technology in different ways

12. Grandparents are welcome for a visit from 3PM to 4PM

16. Day of the Icelandic language

19. Measure Day where we will measure different objects

December

3. Red Day – everyone wears something red or with red in it

6. The children in Sólbakki bake gingerbread cookies

7. The children in Ólátagarður bake gingerbread cookies

8. The children in Saltkráka bake gingerbread cookies

9. The children in Skarkalagata bake gingerbread cookies

13. Nóaborg 35 years old - We will celebrate the day in school

17. Christmas lunch – smoked lamb

17. The board of parents will arrange the Christmas party because we no longer have room for 80 children for an event like this. Last year we were in Háteigsskóli and it was great and hopefully we can be there again this year.



School calendar 2021-2022

January

3. Planning Day – the school is closed (Háteigsskóli is also closed)

5. Planned activities start again after Christmas

7. Sports Day – the children bring sports clothes for indoor activity

11. Flashlight Day (the children bring flashlights to school)

14. Toy Day – the children can bring a toy from home to play with in school this day

21. The old named month Þorri begins and we celebrate that by having for lunch traditional food for this month

February

4. The day of Math is the first Friday in February – Shape Day in Nóaborg

7. Planning Day – the school is closed

11. Sports Day – the children bring sports clothes for indoor activity

18. Yellow Day (everyone wears something yellow or with yellow in it)

28. Bun Day

March

1. Sprengidagur is the Icelandic equivalence of Mardi Gras. The Icelandic tradition holds the custom to eat salted lamb soup with lentils and vegetables accompanied

2. Ash Wednesday (Costume party in the Gym in the morning)

7. Parent meetings start and the head of each class will let know about exact days

11. Sports Day – the children bring sports clothes for indoor activity

18. Counting Day where we will count different objects around us

April

1. International Day of Autism – Blue Day (everyone wears something blue or with blue in it)

8. Sports Day – the children bring sports clothes for indoor activity

13. Parents invited for breakfast from 8-9 AM

20. Art Day – art workshops in all classes and children can visit one or more

25. Environment Day and we will go for a walk and clean trash.

29. IT Day where we will play with technology in different ways

May

2.-6. International week in Nóaborg

13. Stripe Day (everyone wears something with stripes)

20. The school is open from 3-4.30 PM (we show what we have been working on during the schoolyear)

? The board of parents plan a visit to a farm or the beach

? Graduation trip for the oldest children

25. Formal graduation of the oldest children

June

3. Planning Day – the school is closed (Háteigsskóli is also closed)

10. Sports Day outside

? The board of parents will find a day for the Pirate festival

24. Outdoor Toy Day (the children bring outdoor toys from home to play with)

10.3 Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Nóaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Brynjar Gunnarsson
Dagbjört Hákonardóttir
Oddný Sturludóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat - fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Nóaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun Nóaborgar 2020-2021 og veitir hér með umsögn samkvæmt 11. gr. leikskólalaga nr. 90/2008.

Foreldraráð þakkar starfsfólki og stjórnendateymi Nóaborgar fyrir alúð og vönduð viðbrögð leikskólans á tíma COVID-19. Þau voru mikilvæg til að skapa ró og festu í lífi fjölskyldna sem eiga börn á Nóaborg. Starfsáætlunin er metnaðarfull og lýsir fagmennsku, krafti og umbótavilja. Þróunarstarf Nóaborgar er þróttmikið, tekist er á við ný verkefni jafnframt sem unnið er með eldri sérstöðu leikskólans. Ánægjulegt er að sjá hve áhugasamt starfsfólk leikskólans er við að sækja sér nýja

þekkingu og efla sig í starfi. Það er bæði mikilvægt fyrir ánægju starfsfólksins í starfi og leikskólastarfið sjálft. Foreldraráð óskar þess að leikskólastjóri og starfsfólk fái allan nauðsynlegan stuðning frá Reykjavíkurborg til að starfið á leikskólanum haldi áfram að vera framúrskarandi.

Það er sérstaklega ánægjulegt og mikilvægt að lesa um hvernig leikskólinn bregst við mælingum og öðrum gögnum sem varpa ljósi á leikskólastarfið. Í starfsáætlun er lýst skynsamlegum viðbrögðum við sveiflum í starfsánægju og ánægju foreldra á einstökum deildum og það er traustvekjandi að sjá hve föstum tókum stjórnendateymi tekur á því. Foreldraráð er hér eftir sem hingað til reiðubúið að styðja við stjórnendateymi í stöðugri viðleitni til umbóta.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlun Nóaborgar og óskar stjórnendateymi og starfsfólki góðs starfsárs.



